

Alþingi
Erindi nr. P 139/908
komudagur 10.12.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

10. desember 2010

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðar breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana) – Þskj. 227 – 208. mál.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi eftirfarandi frumvarp:

- Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðar breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana) – Þskj. 227 – 208. mál.

PwC gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Um 2. gr.

Í greinargerð kemur fram að tilgangur ákvæðisins sé að skjóta styrkari stoðum undir framkvæmd virðisaukaskatts með því að gera auknar kröfur til þeirra sem sækja um skráningu á virðisaukaskatt. Þannig er lagt til að ríkisskattstjóra verði heimilt að sýnja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggja fyrir að hann hafi ekki uppfyllt framtalsskyldur sínar á einhverju ári af næstlíðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu og opinber gjöld hans af þeim sökum áætluð. Tekið er fram að um heimildarákvæði sé að ræða og gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri megi hvert tilfelli fyrir sig. Ekki er útfært með nánari hætti hvað ríkisskattstjóri skuli hafa til hljóðsjónar við mat sitt og því er um óskýrt og matskennt ákvæði að ræða sem er ávallt óheppilegt. Réttast væri að lögleiða fullum fetum skilyrði skráningar á virðisaukaskattsskrá. Mikilið er í húfi fyrir rekstraraðila því auk þess sem sýnjun um skráningu kemur í veg fyrir nýtingu á innskatti leiðir hún til þess að viðskiptavinir geta ekki innskattað reikninga frá óskráðum aðila, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Því er mikilvægt að reglan sé skýr og að ekki þurfi að koma til huglægt mat stjórnvalds.

Um 6. gr.

Sjá athugasemdir með 2. gr. varðandi samspil þessara frumvarpsgreina.

Um 7. gr.

Enn og aftur er gerð tillaga sem veitir ríkisskattstjóra rúmar heimildir til matskenndra ákvarðana og er gerð athugasemd við það. Ekki er útfært með nánari hætti hvað ríkisskattstjóri skuli hafa til hljóðsjónar við mat sitt og því er um óskýrt og matskennt ákvæði að ræða sem er afar óheppilegt. Réttast væri að lögleiða fullum fetum skilyrði undanþágu til að tryggja hlutlausu meðferð máls. Óeðlilegt er að færa undirstofnun innan stjórnisýslunnar þetta rúma heimild til matskenndra ákvarðana.



Um 8. gr.

Athygli er vakin á því að hér er lagt til að svigrúm skattyfirvalda er rýmkað frá því sem tíðkast hefur um árabíl. Hins vegar eru ekki lagðar til samsvarandi rýmkanir á svigrúmi sem gjaldendur hafa t.a.m. til að tilkynna um breytingu sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram. Hér mætti e.t.v. gæta betur að jafnræði beggja vegna borðs.

Um 9. gr.

Að mati PwC er ákvæði 4. mgr. ákvæðisins of þyngjandi. Þannig kann ákvæðið að koma í veg fyrir að einstaklingar verði valdir til stjórnarsetu, einvörðungu vegna þess að þeir hafi orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu félags á virðisaukaskattsskrá. Þá virðist orðalag ákvæðisins ekki gera greinarmun á þótt einvörðungu einni stjórnarmaður af t.d. fimm í félagi hafi orðið gjaldþrota. Félagið falli eftir sem áður undir regluna. Þannig kann ákvæðið að koma í veg fyrir að menn verði skipaðir til stjórnarsetu í fjölskipaðri stjórn, vegna gjaldþrots óháð aðstæðum að öðru leyti.

Að mati PwC er þessi regla óeðlilega ströng og hana ætti að takmarka við tilvik þar sem um er að ræða félög með einn stjórnarmann og gjaldþrot hans stafaði af ógreiddum opinberum gjöldum.

Þá er vakin athygli á því að enn er um heimildarákvæði að ræða þar sem ríkisskattstjóra er fengin viðtæk heimild til að ákvarða stöðu skattaðila gagnvart virðisaukaskattsskráningu. Slík heimildarákvæði eru að mati PwC ekki til þess fallin að skjóta styrkari stöðum undir framkvæmd virðisaukaskatts.


Að gefnu tilefni þykir rétt að gera sambærilegar athugasemdir við 7. mgr. ákvæðisins þar sem fram kemur að fella megi niður gjald sem þar er rætt um ef skattaðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og metur ríkisskattstjóri það í hverju tilviki hvað skuli telja gildar ástæður í þessu sambandi. Hér er enn og aftur lagt til að ríkisskattstjóra sé fengin viðtæk heimild til mats og er það að mati PwC óásættanlegt, enda mikilvægt að lög um virðisaukaskatt séu skýr, ótvíræð og ekki háð huglægu mati skattyfirvalda.

Um 11. gr.

Sambærilega athugasemdir og varðandi 8. gr. frumvarpsins. Sjá ofar.

Að öðru leyti eru engar efnislegar athugasemdir gerðar við ákvæði framangreinds frumvarps.

Virðingarfyllt,
PricewaterhouseCoopers ehf.


Friðgeir Sigurðsson
lögfr.


Ásta Kristjánsdóttir
lögfr.